



# VEIÐIPRÓFAREGLUR FYRIR STANDANDI FUGLAHUNDA

Gilda frá: 01.03.2021

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

<b>1. Almenn ákvæði</b> .....	2
1.1. Skipulag.....	2
1.2. Þátttaka.....	4
1.3. Dómarar.....	6
1.4. Framkoma á prófstað, viðurlög og kvartanir.....	7
1.5. Undantekningar.....	8
<b>2. Leiðbeiningar fyrir fulltrúa HRFÍ</b> .....	9
<b>3. Reglur fyrir heiðapróf og láglandispróf</b> .....	10
3.1. Flokkaskipting.....	10
3.2. Framkvæmd prófs.....	11
3.3. Einkunnagjöf.....	13
<b>4. Reglur fyrir skógfuglspróf, Alhliðapróf og sækivottorðs próf</b> .....	14
4.1. Reglur fyrir skógfuglpróf – <b>Á ekki við</b> .....	14
4.2. Reglur fyrir alhliða veiðipróf, sækipróf.....	14
4.3. Sækivottorð/Sækivottorðspróf.....	18
<b>5. Stórmót – <b>Á ekki við</b></b> .....	18
<b>6. Siðareglur</b> .....	18
<b>7. Umsóknarferli fyrir inntöku nýrra dómaranema</b> .....	19
<b>8. Veiting og svipting dómararéttinda</b> .....	19
<b>9. Íslenskur veiðimeistari ISFtCh</b> .....	19
<b>10. Íslenskur Alhliða veiðimeistari ISCFtCh</b> .....	20
<b>11. Reglubreytingar</b> .....	20

# 1. Almenn ákvæði

**FORMÁLI: Aðalmarkmið með veiðiprófi fyrir standandi fuglahunda er:**

- að kanna og skrá hæfileika hundsins til veiða.
- að auðvelda ræktunarvinnu.
- að efla veiðimenningu og virðingu fyrir veiðum.
- að efla og bæta þjálfun veiðihunda.

Prófin skulu vera sem líkust raunverulegum veiðum þar sem sportlegar hefðir eru í fyrirrúmi.

## 1.1. Skipulag

### 1.1.1. Almenn

Ræktunardeildir í tegundahópi 7 og svæðisfélög geta, með samþykki stjórnar HRFÍ, skipulagt og staðið fyrir veiðiprófum. Skráning á þátttöku í veiðiprófum fer fram á skrifstofu HRFÍ.

Deildir geta sótt um að halda lokuð próf fyrir þau hundakyn sem eru innan þeirra vébanda. Árangur úr UF/OF gildir einungis sem ræktunardómur en ekki til stigasöfnunar fyrir meistaratitla.

### 1.1.2. Umsóknir

Umsóknir ræktunardeilda og svæðafélaga um að halda veiðipróf skal senda til veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir 1. ágúst ár hvert.

Umsókn um hvert veiðipróf þurfa að fylgja upplýsingar um stund og áætlaðan stað fyrir prófið, hvers eðlis prófið er, skráningarfrest, upplýsingar um dómara, íslenskur/erlendur og prófstjóra. Fjárhagsáætlun þarf jafnframt að fylgja með umsókn. Einnig skal fylgja skriflegt leyfi landeiganda til prófahalds, þegar það á við.

Veiðiprófanefnd HRFÍ fer yfir umsóknir um veiðipróf og sendir til stjórnar HRFÍ til samþykktar fyrir 1. september vegna veiðiprófa næsta árs. Dagskrá veiðiprófa skal birta á heimasíðum ræktunardeilda.

### 1.1.3. Prófgögn og staðfestingar

Prófgögn eru sótt á skrifstofu HRFÍ.

Tilkynna skal stjórn HRFÍ boð erlendra dómara á veiðipróf fjórum vikum fyrir próf.

Prófhaldari skal senda HRFÍ innan 4 vikna eftir próf:

- a) Skýrslu frá fulltrúa HRFÍ.
- b) Upplýsingar um dómaranema.
- c) Úrslit í tveimur eintökum.
- d) Frumrit af umsögnum.
- e) Yfirlit yfir úrslit.

Prófhaldari skal senda ræktunardeildum afrit af umsögnum prófdómara fyrir viðkomandi hundakyn innan fjögurra vikna eftir próf.

Prófgögn skulu vera aðgengileg starfsmönnum á skrifstofu HRFÍ.

#### 1.1.4. Prófstjórn

Fulltrúi HRFÍ er hæstráðandi varðandi túlkun á reglum, Fulltrúi HRFÍ er hæstráðandi varðandi túlkun á reglum, hann skal vera dómari, viðurkenndur af HRFÍ dómaramenntaður.

. Prófhaldari skal útnefna prófstjóra, sem er æðstráðandi á öllum öðrum sviðum en túlkun á veiðiprófsreglum. Prófstjóri og fulltrúi HRFÍ geta ekki verið sami aðilinn. Fulltrúi HRFÍ skal vera viðstaddur prófið alla prófdagana og getur hann starfað sem dómari. Hann metur vald sitt og skyldur hverju sinni sjálfur.

Vandamál eða vafatilfelli sem upp koma eru leyst af fulltrúa HRFÍ, prófstjóra og dómurum eftir því sem við á.

Prófstjóri og fulltrúi HRFÍ geta hvor á sínu sviði, hvenær sem er, haft afskipti af prófinu ef þeir telja það nauðsynlegt. Þó geta þeir ekki haft áhrif á umsagnir eða vinnutilhögun dómara.

Prófstjóri og fulltrúi HRFÍ geta sjálfir tekið þátt í prófinu.

Starfsmenn prófsins skulu starfa samkvæmt fyrirmælum prófstjóra og dómara og þannig að dagskrá raskist ekki.

Þátttakendur skulu fara að einu og öllu eftir óskum dómara og prófstjóra. Óski þátttakandi að hætta þátttöku og yfirgefa prófstað þarf leyfi dómara.

Fulltrúi HRFÍ skal strax að prófi loknu yfirfara og stemma af umsagnir dómara og úrslit og gæta að því að dómari hafi staðfest umsagnirnar með undirskrift sinni og dómaranúmeri.

Dómari eða dómaranemi getur ekki dæmt hund í eigu heimilismeðlima né leitt hund á þeim degi sem þeir gegna embætti dómara. Í prófum á skógafuglum og sækiprófum geta dómara mætt í einn flokk og dæmt annan flokk sama dag.

#### 1.1.5 Umframskráning

Fari skráning hunda fram yfir hámarks þáttökufjölda skal draga milli þeirra hunda sem eru með gilda skráningu. Framkvæma Skv. reglum í 5.6.2 og 5.7.2

### **1.1.6. Prófi aflýst, frestað eða stöðvað**

Prófstjóri, í samráði við dómara og fulltrúa HRFÍ, getur aflýst, frestað eða stöðvað próf, ef hann telur óforsvaranlegt að halda það eða halda því áfram. Í slíkum tilfellum skal endurgreiða þeim þátttakendum sem ekki hafa þegar fengið einkunn 80% af þáttökugjaldi.

Þegar prófi er aflýst, frestað eða stöðvað, skal prófstjóri tilkynna það skriflega til stjórnar HRFÍ.

### **1.1.7. Viðurkenning á umsögnum og árangri**

Þegar próf hefur verið haldið í samræmi við veiðiprófsreglur og þáttökugjald verið greitt skal HRFÍ samþykkja prófið.

Úrslitin gilda þegar próf hefur verið viðurkennt.

## **1.2. Þátttaka**

### **1.2.1. Hundur**

Aðeins má prófa hunda sem skráðir eru í ættbók HRFÍ og tilheyra tegundahópi 7. Innflutta hunda má þó prófa án umskráningar, sé eigandi búsettur erlendis. Hundarnir verða að vera ættbókarfærðir hjá erlendu hundaræktarfélagi, viðurkenndu af HRFÍ.

Allir hundar skulu örmerktir til að taka þátt í viðburðum

Óheimilt er að prófa skott- og/eða eyrnastýfða hunda sem fæddir eru á Íslandi. Sama gildir um hund sem fluttur er inn frá landi þar sem skott- og/eða eyrnastýfingar eru óheimilar.

Að öðru leyti gilda sömu skilyrði og til þáttökuréttar og í sýningaskilmálum í sýningareglum HRFÍ.

### **1.2.2. Heilsufar**

Hundur skal vera bólusettur gegn þeim smitsjúkdómum sem leyfilegt er að bólusetja gegn hér á landi.

Lóðatíkur, tíkur sem gengnar eru lengur en 28 daga með hvolpa og tíkur sem hafa gotið fyrir 56 dögum eða skemur mega ekki taka þátt í veiðiprófum.

Að öðru leyti gilda sömu skilyrði og til þáttökuréttar og í sýningaskilmálum í sýningareglum HRFÍ.

### 1.2.3. Leiðandi hunds

Félagsmönnum HRFÍ og félagsmönnum í félögum viðurkenndum af HRFÍ er einum heimilt að skrá til þátttöku hunda sína á veiðipróf Hundaræktarfélags Íslands.

Öllum félagsmönnum HRFÍ og félagsmönnum hundaræktarfélaganna sem HRFÍ viðurkennir, er heimil þátttaka í veiðiprófum.

Einstaklingur sem vísað hefur verið úr HRFÍ, eða verið sviptur rétti til að sýna hund eða taka þátt í veiðiprófum, má hvorki leiða hund í annarra eigu í veiðiprófi, né vera viðriðinn veiðipróf.

Sjá kafla 1.1.4 um rétt dómara og prófstjóra til þátttöku.

Hver þátttakandi má ekki byrja með fleiri en 5 hunda í sama prófi. Prófstjóri getur takmarkað það enn frekar.

Þátttakandi sem er með 3 hunda eða fleiri, skal hafa aðstoðarmann sem annast hundana á meðan ekki er verið að prófa þá. Aðstoðarmaðurinn má ekki taka sjálfur þátt í prófinu.

Eftir að hundur hefur próf má ekki skipta um leiðanda eða hætta prófi án samþykkis dómara. Þó má skipta um leiðanda ef prófið stendur yfir í nokkra daga. Ekki ætti að prófa hunda með sama leiðanda saman nema dómari telji það nauðsynlegt fyrir framkvæmd prófsins.

Þátttaka er á eigin ábyrgð, leiðandi verður að vera í nægu líkamlegu formi og verður að koma sjálfur með nauðsynlegan búnað m.t.t. árstíðar, landslags, veðri og leiðanda færiss.

Eigandi og sá sem skráður er leiðandi hunds smkv. skráningu, er ábyrgur ef hundur veldur skaða á prófstað. Allir hundar skulu hafðir í taumi á meðan þeir eru ekki sjálfir í sleppi.

### 1.2.4. Skráning

Allar skráningar eru bindandi og skráðar á sérstakt eyðublað.

Þátttökueyðublað, ásamt fylgibréfum, skal afhent prófstjóra strax að skráningarfresti loknum. Prófstjóri hefur rétt til að hafna þátttökutilkynningum, sem ekki eru á réttu eyðublaði, eða ef nauðsynlegar upplýsingar vantar.

Fyrir hunda sem skráðir eru í KF skulu fylgja með upplýsingar um hvenær hundurinn náði síðast 1. einkunn í OF eða sæti í KF.

### 1.2.5. Skráningargjald

Skráningargjald greiðist við skráningu.

Skráningargjald, að frádregnum 20% skipulagskostnaði, er aðeins greitt til baka ef:

- a) Skráning er ekki viðurkennd.

- b) Sjúkdómstílfelli eða lóðari kemur sannanlega upp a.m.k. 12 tímum fyrir próf. Sjúkdómstílfelli eða lóðari skal tilkynnt prófstjóra fyrir setningu prófs og staðfest af dómara/dýralækni og sent prófstjóra eigi síðar en 7 dögum eftir upphaf prófsins. Með sjúkdómstílfelli er ekki átt við ofþreytta eða sárfætta hunda.
- c) Þegar prófi er aflýst

Ef þátttakandi mætir ekki við nafnakall prófs, fæst skráningargjald ekki endurgreitt nema skv. lið a og b.

Skráningargjald er ekki endurgreitt fyrir hunda sem er vísað frá eða útilokaðir meðan á prófinu stendur, sjá kafla 1.2.6 og 1.2.7.

Ef þátttakanda er vísað úr prófi er skráningargjald ekki endurgreitt, sjá kafla 1.4.1.

### **1.2.6. Hundi vísað frá prófi**

Sýnilega veikum/slösuðum hundum, árasagjörnum hundum eða hundum með rangar skráningarupplýsingar skal vísað frá prófi.

Lóðandi tókum er vísað frá prófi.

### **1.2.7. Útilokun á hundi**

Hundur í dómi sem sýnir óásættanlega hegðun s.s. fer í búfénað eða önnur dýr á eða í kringum prófsvæði, bitur starfsfólk prófs eða ræðst á annan hund að tilefnislausu, ~~er~~ skal vikið frá prófi.

Við frávísun skal fulltrú HRFÍ fara yfir ástæðu og atvik frávísunar í skýrslu sinni sem skal senda á stjórn HRFÍ fyrsta virka dag eftir próf.

### **1.2.8. Lyfjanotkun**

Það er alfarið bannað að gefa hundi lyf sem með verkun sinni örvar, róar, er verkjaeyðandi, hefur áhrif á atferli, geðslag eða getur á annan hátt haft áhrif á frammistöðu hunds eða getu á prófi.

## **1.3. Dómarar**

### **1.3.1. Tilnefning dómara**

Prófhaldari óskar eftir og tilnefnir dómara um leið og próf er sett á dagskrá. Einungis dómarar með réttindi á þá tegund prófa sem prófa skal geta dæmt.

UF og OF mega einn eða tveir dómarar dæma. KF verður að vera dæmdur af tveimur dómurum.

Meira um réttindi dómara og dómaranema má finna á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)

### **1.3.2. Viðfangsefni dómara, ráðstöfun prófsvæða og rásröð**

Prófstjóri dregur um rásröð ef hópar eru fleiri en einn, nema í KF, þar sem hlutkesti ræður rásröð. Prófstjóri úthlutar dómurum svæðum fyrir mismunandi flokka og hópa. Þátttakandi með fleiri hunda í sama flokki fær rásröð í sama hópi. Ef rásröð veldur keppanda/þátttakanda erfiðleikum, getur dómari breytt henni. Upplýsingar um dómara, rásnúmer, prófstað og mætingartíma, skal tilkynna þátttakendum eigi síðar en 3 dögum fyrir upphaf veiðiprófs.

### **1.3.3 Skyldur dómara**

Dómari skal:

- Ganga úr skugga um að nafn leiðanda og skráningarnúmer hundsins séu skráð á umsagnarblaði og framkvæma handahófskennt eftirlit með skjölum.
- Meðan á prófinu stendur skal dæma árangur hundsins samkvæmt gildandi reglum. Ef hundurinn sinnir ófullnægjandi vinnu getur dómari lokið dómi á honum.
- Dómari skal gæta hlutleysis í framkomu, klæðaburði og búnaði á prófdegi

Dómari skal:

- Útskýra fyrir þátttakendum áður en próf hefst, framgang prófs og fara yfir öryggisreglur varðandi notkun skotvopna ef það á við og brýna fyrir þátttakendum ábyrgð þeirra.
- Dæma og skrá umsögn á viðurkennt umsagnareyðublað HRFÍ, þar sem fram kemur rökstudd niðurstaða um hvern einstakan hund
- Eftir slepp upplýsa þátttakendur um frammistöðu hundsins (opinn dómur).
- Í keppnisflokkum raðast hundar stöðugt í gegnum framgang keppinnar.
- Að dómi loknum skal afhenda leiðanda rökstuddan dóm á umsagnarblaði þar sem nafn dómara kemur fram.
- Strax að prófi loknu skal afhenda prófstjóra dómarabókina. Dómarabók verður að innihalda lista yfir einkunnir/sæti og umsagnir fyrir alla hunda. Umsagnir ættu að vera vel læsilegar með heilstæðri umsögn og einkunn/sæti. Dómaranúmer skal vera á öllum listum ásamt undirskrift dómara, nema skjöl séu rafræn.

## **1.4. Framkoma á prófstað, viðurlög og kvartanir**

### **1.4.1. Framkoma á prófstað og viðurlög**



Þátttakendur skulu í einu og öllu fara eftir gildandi reglum og koma fram af fyllstu kurteisi við aðra á prófstað, sýna íþróttamannslega framkomu og koma ávallt þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti starfi deildanna eða félagsins.

Harðhent refsing og ögun hunda er óheimil í veiðiprófi. Allir hundar skulu vera í taumi á prófsvæði séu þeir ekki í dómi.

Þátttakendur og áhorfendur skulu fylgja leiðbeiningum dómara og prófstjóra.

Þátttakandi skal virða úrskurði dómara. Rétt til kæru á úrskurðum er í grein 1.4.2. Óíþróttamannsleg hegðun í tengslum við úrskurði dómara er ekki liðin.

Brot á reglum eða tilmælum dómara og/eða starfsmanna prófs geta varðað áminningu, brottvísun úr prófi og frá prófstað.

Dómari og prófstjóri sem verða varir við alvarleg brot skulu tilkynna það til fulltrúa HRFÍ fyrir lok prófs.

Þátttakendur prófs geta tilkynnt agamál í tengslum við framgang prófs til dómara, prófstjóra eða fulltrúa HRFÍ innan kærufrests prófs. Fulltrúi HRFÍ kemur á framfæri brotum á veiðiprófsreglum í skýrslu sinni til HRFÍ sem ákveður viðurlög. Fyrir önnur mál gilda lög HRFÍ.

#### **1.4.2. Kvartanir**

Ekki er hægt að áfrýja mati dómara á árangri hunda í vinnu og ákvörðunum þar um, sem reglur kveða á um að hann skuli meta. Ákvörðun dómara verður hvorki felld niður, breytt eða hún ógilt, hafi veiðiprófsreglur HRFÍ verið virtar.

Þátttakandi sem telur að veiðiprófsreglur hafi verið brotnar við dóm á hundi hans, hefur fyrir lok prófsins rétt til að leggja fram skriflega kæru til fulltrúa HRFÍ, sem fjallar um kærana á staðnum og sker úr. Úrskurði fulltrúa HRFÍ má áfrýja skriflega til veiðiprófanefndar HRFÍ innan sjö daga. Áfrýjunargjald nemur tvöföldu þáttökugjaldi í veiðiprófi. Dómararáð HRFÍ skal fjalla um kærana og svara ákæranda eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu kærunnar. Afrit af kæru og svari skal sent stjórn HRFÍ og siðanefnd HRFÍ, til kynningar. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu Dómararáðs HRFÍ má vísa málinu til siðanefndar HRFÍ. Ef upp kemur mjög alvarlegur ágreiningur eða agavandamál, getur Dómararáð HRFÍ vísað málinu til siðanefndar HRFÍ.

Áfrýjunargjald fæst endurgreitt, ef kæra er talin réttmæt og dómur í prófinu er ógiltur. Þátttakandinn fær þá rétt til þátttöku í veiðiprófi á vegum HRFÍ sér að kostnaðarlausu, innan eins árs frá úrskurði veiðiprófanefndar HRFÍ.

#### **1.5. Undantekningar**

Stjórn HRFÍ getur, við sérstakar aðstæður, gert undanþágur frá reglum þessum.

## 2. Leiðbeiningar fyrir fulltrúa HRFÍ

**2.1.** Prófheldari skipar fulltrúa- og varafultrúa-HRFÍ.

**2.2.** Fulltrúi HRFÍ skal vera dómaramenntaður ~~Nota skal samþykktu dómara (sjá kafla 1.3.1).~~

Fulltrúi HRFÍ er æðsta vald hvað varðar túlkun á reglum.

**2.3.** Fulltrúi HRFÍ skal vera viðstaddur alla prófdaga. Meti fulltrúi HRFÍ það svo getur hann tekið þátt í prófi og/eða dæmt ef þörf krefur.

**2.4.** Ef agamál koma upp á prófstað skal prófstjóri fara með málið til fulltrúa HRFÍ og leitast við að leysa málið á staðnum. Ef það tekst ekki skal tilkynna málið til HRFÍ. Skýrsla unnin af fulltrúa HRFÍ skal send til stjórnar HRFÍ fyrsta virka dag eftir að veiðiprófi lýkur, svo stjórn HRFÍ geti tekið málið til umsagnar.

**2.5.** Fulltrúi HRFÍ skal fara yfir umsagnir hvers dags fyrir sig og gæta þess að samræmi sé á milli skriflegrar umsagnar og einkunnar. Ef ekki er samræmi þar á milli tekur fulltrúi HRFÍ það upp með viðkomandi dómara. Einungis er hægt að breyta einkunn á staðnum sé um að ræða ranga notkun og/eða túlkun á veiðiprófsreglum. Einkunn er ekki hægt að breyta eftir þetta þar sem ekki var bent á formleg mistök í skipulagningunni.

**2.6.** Fulltrúi HRFÍ skal nýta tímann eins og kostur er á meðan á prófi stendur til að leysa úr hverju því ósamræmi sem upp kann að koma í samráði við prófstjóra á staðnum.

**2.7.** Þegar prófi er lokið skal fulltrúi HRFÍ ásamt prófstjóra yfirfara prófgögn.

**2.8.** Ef dómarameni er starfandi á prófinu skal fulltrúi HRFÍ fylgjast með og taka þátt í vinnu nemans ásamt viðkomandi dómurum.

**2.9.** Fulltrúi HRFÍ og prófstjóri geta gengið með dómaramena.

### 3. Reglur fyrir heiðapróf og láglandispróf

Prófin skulu vera sem líkust raunverulegum veiðum þar sem sportlegar hefðir eru í fyrirrúmi. Hundum er sleppt í pörum. Dómari ákveður tímalengd sleppa ásamt heildarfjölda þeirra sleppa sem hver hundur fær á meðan á prófi stendur. Að undanskildu fyrsta sleppi er það dómari sem ákveður hvaða hundar hlaupa saman. Skjölum um hundinn skal framvísað að ósk prófhaldara. Þetta gildir um skráningarskjöl frá HRFÍ og vottorð um bólusetningar.

- Notkun á tæknilegum hjálpartækjum á veiðiprófi er bönnuð. Í sleppum eru sýnileikavesti eða sýnileikahálsband leyfð. Hálsólar skulu fjarlægðar með tilliti til öryggis hundsins.
- Hundum ber að fá sleppitíma svo lengi sem þeir eiga möguleika á sinni einkunn og ef aðstæður leyfa. Þetta er óháð þeirri einkunn sem leitargæði hundsins samsvarar.
- Ekki skal taka tillit til annars en frammistöðu hunda undir dómi.

#### 3.1. Flokkaskipting

Unghundaflokkur (UF): Flokkurinn er fyrir hunda sem eru 9 mánaða og eldri og yngri en 24 mánaða á prófdeginum.

Opinn flokkur (OF): Flokkurinn er fyrir hunda sem á prófdeginum eru eldri en 24 mánaða.

UF og OF: Heildarfjöldi hunda í hverjum þátttökuhóp má ekki vera fleiri en 14 hundar.

Keppnisflokkur (KF): Flokkurinn er fyrir hunda sem hafa á prófárinu eða á tveimur undagengnum árum hafa fengið 1.einkunn í OF eða sæti í KF. Hundurinn verður að vera eldri en 24 mánaða. HRFÍ getur ákveðið frekari hæfniskröfur til sérstakra KF keppna.

KF: Skilyrðið til að skipuleggja KF keppnir er að að lágmarki 6 hundar taki þátt. Þegar heildarfjöldi startandi hunda eru 20 eða færri skal ljúka keppninni á einum degi, við fleiri en á milli 21 og 60 startandi hunda skal keppnin ná yfir 2 daga. Við fleiri en 60 startandi hunda á fyrsta degi skal keppnin ná yfir 3 daga. Fjöldi þátttökuhópa skal vera eins fáir og kostur er á. Ef KF stendur yfir í fleiri daga er ekki gerð krafa um lágmarksfjölda seu 10 hundar sem taka þátt í úrslitum / undanúrslitum. Hér eru lágmarksviðmið fyrir fjölda hunda talin uppfyllt og aðeins þeir hundar sem hafa nauðsynlegan gæðastaðal taka þátt í úrslitum/undanúrslitum.

Mismunandi prófdagar í KF skulu nefnast:

1.dagur: KF.

2. dagar: KF undanúrslit / KF úrslit.

3 dagar: KF úrslit.

## 3.2. Framkvæmd prófs

Í unghundaflokki og opnum flokki er dæmt eftir gæðastaðli en keppnis fyrirkomulagi í keppnisflokki. Í gæðadómi er frammistaða hunda metin í tengslum við bestu hugsanlegu frammistöðu. Í keppni er frammistaða hunda metin með samanburði við hvorn annan. Dómur er byggður á þekkingu dómara sem hann byggir á veiðiprófsreglunum. Það skal fyrst og fremst leggja áherslu á hæfileika hunds til að finna fugl hratt og örugglega og koma honum í skotfæri, þar næst skal leggja áherslu á að hundar sækji útlagaðan, felldan eða særðan fugl fljótt og rétt í þeim flokkum, þar sem þess er krafist. Hundur sem geltir stöðugt skal ljúka þátttöku. Hundur má ekki trufla makker. Ákvarðanir og mat dómara eru endanlegar að því tilskildu að veiðiprófsreglunum hafi verið fylgt.

### 3.2.1. Skotið

Á þeim prófum þar sem ekki er felldur fugl skal nota 9 mm startbyssur og vanalega er það leiðandi hunds sem skýtur. Makker eða dómurum er þó heimilt að skjóta ef dómari telur þess þörf. Skyttur skulu fylgja leiðbeiningum dómara þegar skotið er. Skipuleggjendur veiðiprófa eru ábyrgir fyrir því að nægilegt magn af startbyssum og skotfærum séu til staðar. Á felliprófum tilnefnir skipuleggjandi sérstaka/r skyttu/r sem nota/r haglabyssu/r. Öll vopn skulu meðhöndluð sem hlaðin og skulu eingöngu hlaðast eftir fyrirmælum dómara. Allra leiða skal leitað til að forðast óhöpp við meðferð skotvopna á veiðiprófum. Það telst ekki nauðsynlegt að skjóta mörgum sinnum yfir sama hundi í UF og OF nema dómari telji nauðsynlegt að kanna viðbrögð hunds sérstaklega við skoti. Þetta gildir sérstaklega í UF. Í keppnisflokki skal hins vegar alltaf skjóta til að fá fullkláraða fuglavinnu. Það er á ábyrgð leiðanda hunds að fugl sé innan skotfæris þegar skotið er.

### 3.2.2. Sækja

Gerð er krafa um að sækja við mismunandi aðstæður:

- Sækja eða sækivottorð þarf til að hljóta 1.einkunn í OF heiði/lágland, sjá sækivottorðspróf kafli 4.3.
- Sækja í keppnisflokki.

**Framkvæmd:** Sækivinnu skal framkvæma í tengslum við fyrstu fuglavinnu. Þetta gildir ekki um útlagða bráð til að veita 1.einkunn í OF heiða/láglendisprófi, þar er hægt að framkvæma sækivinnuna seinna á prófinu. Bráðina skal leggja út í þá átt sem fuglinn flaug í úr standinum. Hæfileg fjarlægð skal vera í tengslum við skot og gróðurfar á svæðinu. Hundinum skal gefinn hæfilegur tími til að leita að fuglinum. Ef hundi tekst ekki að staðsetja fuglinn skal dómari tryggja það að hann sé ekki óaðgengilegur fyrir hundinn. Það er ekki leyfilegt að skipta um bráð eftir að hún hefur verið lögð út. Hundur skal fljótt og skilvirkt leita og færa leiðanda útlagaðan fugl án þess að tyggja hann. Hundur sem er í sleppi og finnur dauðann eða lifandi fugl af viðurkenndri tegund á veiðiprófi, á að sækja hann og afhenda leiðanda. Hundurinn fær sóknina viðurkennda.

**Sækibráð:** Þátttakandi ber ábyrgð á að hafa með sér eigin sækibráð og skal hún vera af viðurkenndri tegund. Viðurkennd tegund eru þær fuglategundir sem gefa einkunn í samræmi við veiðiprófsreglurnar. Fuglinn skal vera heill og ferskur, frystur, þiðinn, eða þurrkaður og skal viðurkenndur af dómara.

- KF: Hundur sem ekki sækir fugl sem er dauður, særður eða fugl sem hundur nær að fanga sjálfur af tegundum sem eru viðurkenndar á veiðiprófum skal ljúka keppni án sætis. Í slíkum tilfellum í OF á láglandi og heiði getur hundur ekki hlotið hæstu einkunn.
- Hundur sem tekur fugl af viðurkenndri tegund sækir hann og skilar honum til leiðanda skal fá það viðurkennt sem sókn. Í þessum tilfellum þarf ekki að leggja fram sækivottorð til að hljóta 1. einkunn í OF eða að sækja í fleiri skipti í KF ef ekki verður seinna felldur fugl fyrir hundinn.
- Viðurkenning á sækibráð í KF. Þátttakandi er ábyrgur fyrir að taka með sér eigin sækibráð sem skal samþykkt af dómara.

### 3.2.3. Að leiða hund

Í dómi má hjálpa hundi með bendingum, köllum eða flauti, en þó aðeins á þann hátt að hundurinn sem hleypur með verði ekki fyrir truflun. Utan flautu mega leiðandi og hundur ekki bera á sér neina hluti sem geta talist til þjálfunartækja.

- Það er ekki leyfilegt að snerta hund eða fara framfyrir hann eftir að hann hefur tekið stand og áður en fuglavinnu er lokið.
- Hundar sem ekki eru í dómi skulu ávallt hafðir í taumi.
- Þátttakendur með hunda sem ekki eru í dómi skulu halda hópinn í hæfilegri fjarlægð frá dómurum og leiðandendum.
- Dæma skal samvinnu hunds við leiðanda, leiðandi getur ekki notið aðstoðar annarra aðila til að hjálpa við að leiða eða finna hund.
- Leiðandi hunds má ekki hafa annan hund í taumi í dómi.

### 3.2.4. Kröfur

**UF:** Dómarar skulu aðallega taka tillit til eðlislægra veiðieiginleika frekar en getu hunds til að skapa fullkomið tækifæri. Þetta gildir bæði um leitargæði, fuglafundvísi og síðast en ekki síst fuglameðhöndlun þar sem hundurinn á að sýna mikinn vilja til að reisa fugl. Hundur skal vera ásættanlega rólegur við uppflug og skot.

**OF:** OF krefur hunda um vel útfærða leitarvinnu sem sýnir áræðni, úthald og reynslu. Hundur skal virða stand makkers, æskilega með heiðrun. Hundur skal í samvinnu við leiðanda reisa fugl þegar það er mögulegt, vera rólegur við uppflug og skot og eftirleita fljótt og vel. Hundur skal virða fugl við allar aðstæður með því að elta ekki. Tilkynning er kostur.

**KF:** Keppnisflokkur (KF) er keppni þar sem frammistaða hunds skal metin á móti makker og restinnæi af þátttökuhópnum. Í KF er krafa um háan gæðastaðal í leit, fuglameðhöndlun og

fuglafundvísi sem samsvarar lágmarks kröfum um áframhald í flokknum að undanskilinni reisningu. Gerð er krafa um að sleppitími sé sem jafnastur fyrir þá hunda sem uppfylla kröfur um gæðastaðal. Í þeim tilfellum þar sem hundur hefur ekki álíka tíma og aðrir keppendur skal setja upp nýja umferð. Hund, sem áður hefur verið dæmdur úr keppni, er ekki hægt að nota sem makker. Við röðun hunda í KF er lögð áhersla á fuglafundvísi vel út- og stílfærða og skilvirka leitarvinnu, nákvæmni í standi og vel skilvirka reisningu, ró við uppflug og skot og fellingu ef við á. Til að hljóta sæti í KF er krafa gerð um að hundur sýni sækivinnu. Felldur fugl skal alltaf sóttur, sjá kafla 3.2.2.

### **3.3. Einkunnagjöf**

Einkunnagjöf er háð þeim skilyrðum að hundur hafi á sjálfstæðan hátt fundið fugl, tekið stand og komið fuglinum í skotfæri, við þessar aðstæður er skotið yfir hundinum eftir að fuglinn er kominn á vængina. Neiti hundur að fara fram þegar hann er á standi skal hann ljúka prófi án einkunnar. Allir þeir vinnuþættir sem leitt geta til einkunnar verða að vera framkvæmdir í sömu fuglavinnunni. Sú bráð sem telur í veiðiprófi er rjúpa.

#### **3.3.1. Gæðaflokkar**

Veittar einkunnir eru, 1. 2. og 3. einkunn ásamt 0 einkunn. 1. einkunn skal veita þeim hundi sem sýnir framúrskarandi frammistöðu. Hundur skal hafa að minnsta kosti 60 mínútna sleppitíma og allir vinnuþættir skulu sýndir í að minnsta kosti einni viðurkenndri fuglavinnu að undantekinni heiðrun og tilkynningu. Til að veitt sé 1. einkunn í OF er þess krafist að hundur hafi skjalfest að hann geti sótt. Það skal staðfest með sækivottorði eða sókn á útlögðum fugli sem framkvæmd er á prófinu sjálfu. Þess er einnig krafist að hundur hafi viðurkennda reisningu frá viðurkenndri fuglavinnu. 2. einkunn er einungis veitt hundi sem dómarrar telja mjög góðan veiðihund en hefur minniháttar annmarka eða að ákveðinn frammistöðuskortur komi í veg fyrir að hann fengi 1. einkunn. 3. einkunn er veitt hundi sem telst vera góður veiðihundur.

#### **3.3.2. Keppnisflokkur**

Til að hljóta verðlaunasæti í Kf þarf hundur að sýna framúrskarandi vinnu við alla þætti. Dómarrar deila út allt að 6 sætum ( 1. – 6. sæti) í hverjum þátttökuhóp í 1-, 2, og 3-daga prófum.

#### **3.3.3. Lands og alþjóðlegar viðurkenningar**

Gerð er krafa um minnst 30 startandi hunda á fyrsta degi svo veitt sé Cacit í keppnisflokki.

**CACIT/MS:** CACIT er hægt að veita á veiðiprófum sem stjórn HRFÍ hefur fyrirfram veitt leyfi fyrir. CACIT er hægt að veita fyrir sæti nr.1 þega viðmiðin fyrir það eru uppfyllt en vara CACIT er hægt að veita fyrir sæti nr. 2 með sömu skilyrðum og þegar CACIT er veitt sigurvegaranum. Til að hægt sé að veita þessar viðurkenningar verður hundur að hafa sýnt sérstaklega framúrskarandi frammistöðu. Að undanskilinni heiðrun og tilkynningu skulu allir aðrir vinnuþættir sýndir. MS er hægt að veita hundum sem hljóta 1. og 2. sæti KF og fyrir

sömu sæti í KF úrslit og undanúrslit. Mikilvægt atriði er að sætaröðun sé tekin fyrir fyrst. Þar á eftir skal koma mat um frammistöður og hvort það sé grundvöllur fyrir því að veita 1. og 2. sæti CACIT eða MS.

## 4. Reglur fyrir skógfuglspróf, Alhliðapróf og sækivottorðs próf

Nema annað sé tekið fram í kafla 4. í veiðiprófsreglum gilda reglur HRFÍ um veiðipróf fyrir standandi fuglahunda.

### 4.1. Reglur fyrir skógfuglapróf – **Á ekki við**

### 4.2. Reglur fyrir alhliða veiðipróf, sækipróf

#### 4.2.1. Alhliða próf.

Alhliða veiðipróf samanstendur af prófgreinunum: vettvangsvinnu, að sækja í vatn, sækja á slóð og frjáls leit. Prófinu skal slitið með eftirfarandi hætti: Sem alhliða próf þar sem allir vinnuþættir eru framkvæmdir á sama degi.

#### **Athugasemdir: Alhliða veiðipróf**

Hér skulu allar greinar framkvæmdar á sama degi. Vettvangsvinna getur verið, heiði, lágland eða skógur. Þeir sem eiga möguleika á einkunn í fyrrgreindum prófum fá að taka þátt í sækiafingum seinna um daginn. Sækiafingar geta farið fram fyrir vettvangshlutann eða úti á vettvangshlutanum sjálfum ef það er til auðveldunar. Það er hægt að skipuleggja alhliða próf bæði í OF og UF. Það er hagkvæmast að skipuleggja alhliðapróf samhliða samþykktu heiðaprófi, þar sem þátttakendur ganga í vanalegum þátttökuhóp. Einkunn frá alhliða prófi getur aldrei verið hærri en lægsta einkunn úr hverri grein.

Hér eru nokkur dæmi: Hundur sem hlotið hefur 1. einkunn OF heiði og hlýtur 8 í vatnasókn, 9 í leita-sækja og 5 fyrir spor = 3.OF Alhliða. Hundur sem hlotið hefur 2.einkunn UF lágland og fær 10 fyrir vatnasókn, 10 fyrir leita-sækja (ath ekki spor í UF) =2.einkunn UF Alhliða. Hundur sem hlýtur 1.einkunn OF skógur og fær 10 fyrir vatnasókn, 10 fyrir leita-sækja og 3 fyrir spor = 0.einkunn Alhliða. Við sækiafingar hefur leiðandi leyfi til að nota eigin bráð sem skal viðurkennast af dómara. Allar löglegar veiðibærar tegundir eru leyfðar við allar sækiafingar.

#### 4.2.2. Sækjapróf

Sækja í vatn, sækja á slóð og frjáls leit: Í þessum greinum eru hundarnir prófaðir einir og sér. Við auglýsingu prófs á að koma fram hvaða tegundir bráðar skal nota sem sækibráð. Leyfileg veiðibráð skal notuð sem sækibráð (heilir ferskir fuglar, uppbíddir, en ekki þurrkaðir fuglar). Í öllum greinum má gefa hundi allt að þjár tilraunir.

Sækja í vatn: Prófa skal vatnaáhuga hundsins og hæfni hans til að vinna með leiðanda sínum í að staðsetja fugl og sækja hann í vatn. Við upphafsstað skal dómari tilkynna stjórnanda hvar hann og hundurinn eiga að vera staðsettir þegar fuglinum er kastað og hvar móttaka á að eiga sér stað. Fjarlægðin skal vera minnst 5 metra frá vatnsbakkanum og á staðsetning að vera þannig að hundurinn hafi góða yfirsýn þegar fuglinum er kastað. Á þessum sama stað skal leiðandi hundsins halda sig á meðan hundurinn vinnur. Leiðandi má aðeins stjórna hundinum með bendingum köllum og flautu. Bannað er að hjálpa hundi með auka byssuskoti, steinkasti eða öðru álíka. Hundurinn á að sitja laus og rólegur við fót leiðanda þar til að dómari gefur leyfi til að sækja. Dómari ákveður hvenær prófun á hundi er lokið.

**Athugasemdir.** Með «að sitja laus við fót» er átt við: Hundurinn skal sitja frír og vera rólegur við fót leiðandans og leiðandi tekur eitt skref afturábak og til hliðar við hundinn.

Sérákvæði fyrir UF:

Sækja í vatn í UF skal útfæra með sókn á fugli sem kastað er frá landi út í djúpt vatn. Hundurinn verður að sýna sundhæfni til að öðlast einkunn. Ekki skal hleypa af skoti.

Sérákvæði fyrir OF:

Sækja í vatn í OF skal útfæra með sókn á einum fugli sem er kastað strax á eftir skoti út frá báti/landi minnst 50 metra frá byrjunarstað hundsins. Á leið sinni til fuglsins skal hundurinn fara yfir votlendi. Sá hluti leiðarinnar sem hundurinn þarf að synda skal vera með tilliti til þess sem prófsvæðið býður upp á og skal vera með svipuðu erfiðleikastigi eins og mögulegt er frá prófi til prófs. Ef bátur er notaður er skal hann vera staðsettur í beinni línu út frá byrjunarstað hundsins og þar sem fugli er kastað eftir skot. Fjarlægðin skal vera minnst 20 metrar frá sækibráðinni. Þeir sem í bátnum eru skulu leggja áherslu á að trufla ekki þann sem prófaður er og skulu vera hljóðlátir og rólegir.

Sækja á slóð (gildir bara fyrir OF):

Prófa skal eiginleika hunds til að rekja spor og sækja særðan fugl. Sporið skal leggja í sveigum með aflíðandi beygjum. Sporið skal vera að hluta til á opnu svæði og hluta til í hávöxnum gróðri og í nægilegri fjarlægð frá fyrri lögðum sporum. Byrjunarstaður og leið sporsins skal merkjast. Við enda sporsins er bráðin lögð út, ef ný bráð er notuð skal hún vera af sömu tegund. Sá sem dregur spor með því að draga fugl verður að staðsetja sig með tilliti til vinds og svæðis við sporið en einnig með tilliti til staðsetningar bráðar. Leiðandi hunds fær leiðbeiningar um byrjunarstað og skal það sýnt í hvaða átt sporið liggur ("fallstaður bráðar"



og "flóttátt"). Sporið í OF skal vera minnst 200 metra langt og með minnst þrem stefnubreytingum. Hundinn má hafa í taumi á leiðinni á byrjunarstað. Þar skal taumurinn fjarlægður. Gegn skipun skal hundurinn á sjálfstæðan hátt finna sporið sem skal merkjast með tveimur pinnum, og byrja minnst 20 metrum frá byrjunarstaðnum. Fyrsta spormerking skal vera sýnileg frá byrjunarstað, og skal vera ca 50 metra frá upphafstað sporsins. Stjórnandi skal halda sig á byrjunarstað á meðan hundurinn er prófaður. Hundur skal taka bráðina án sérstakrar skipunar og koma til baka á byrjunarstað þar sem hann afhendir hana til leiðanda. Stjórna má hundi fram að fyrsta merki og frá sama merki á leiðinni til baka. Í raun skal dregið nýtt spor fyrir hvern hund en ef hundur kemst aldrei inn á spor, getur dómari metið það svo, að bjóða sama spor til næsta hunds.

Frjáls leit:

Prófa skal hæfileika hundsins til að staðsetja og sækja bráð sem er særð og hefur ekki skilið eftir sig slóð. Til að tryggja eins líkar aðstæður og mögulegt er með tilliti til lykta á prófsvæði, skulu minnst fjórir hundar m/leiðendum ganga fram og til baka yfir afmarkað prófsvæði. Sækibráð er lögð út á svæðið á þann hátt að hún sé ekki sýnileg frá byrjunarstað, og án þess að leiðandi eða hundur geti fylgst með útlagningu. Í framhaldi á útlagningin að framkvæmast á þann hátt að hundurinn geti ekki notað spor þess sem leggur út til hjálpar við staðsetningu bráðarinnar. Dómari leiðbeinir um "flóttáttina" og byrjunarstaðinn þar sem upphaf og afhending á sér stað en þar skal leiðandinn vera staðsettur svo lengi sem hundurinn er prófaður. Með skipun skal hundurinn með nýtingu á vindi leita hið afmarkaða svæði, staðsetja bráðina, taka hana upp og koma strax með á upphafsstað þar sem hún skal afhent leiðanda. Leiðandi getur stjórnað hundinum með merkjum, hrópum eða flautu. Dómari ákveður hvenær hundur hefur lokið prófun.

Sérákvæði fyrir UF:

Fjarlægðin frá upphafsstað til sækibráðar skal vera gott haglabyssufæri 30 til 50 metrar og fer eftir því hvernig landslagi er háttað. Prófsvæðið skal vera opið land með yfirsýn og leitast skal við að sækibráðin sé lögð út á þann hátt að vindur sé hundinum í hag miðað við aðstæður.

Sérákvæði fyrir OF:

Hér skal notast við 2 stk. sækibráðir. Fjarlægðin frá upphafsstað til sækibráðar skal vera minnst 50 metrar, og fjarlægðin milli þeirra skal vera minnst 10 metrar. Prófsvæðið skal vera opið svæði sem er á köflum með þéttum gróðri. Til að hljóta viðurkenningu verður hundur að koma með báðar sækibráðirnar á byrjunarstað þar sem þær skulu afhentar leiðanda. Hundur sem við erum örugg um að hafi fundið bráðina en yfirgefur hana án þess að taka með sér, skal ljúka prófi. Þetta gildir þegar hundur finnur bráðina í fyrsta skipti, en ekki ef hundur leggur bráðina niður á leið inn og þar eftir tekur hana upp aftur og skilar í sömu tilraun, með eða án skipunar. Lögð skal áhersla á að þetta gildir bara fyrir OF. Í þessum báðum tilvikum skal hundur ekki fá fleiri tilraunir.

**Athugasemdir:** Á sækisprófum hefur leiðandi leyfi til að nýta eigin sækibráð sem hann tekur með sér og skal hún samþykkt af dómara.

Alla leyfilega veiðibráð þ.e. fugla má nota við allar sækisæfingar. Þurrkuð bráð, er ekki leyfð á sækisprófi. Það er mikilvægt að notuð bráð sem er við byrjunarstað sé staðsett og meðhöndluð á þann hátt að það trufli ekki þann hund sem er verið að prófa. Leiðanda ber að veita því athygli hvar bráðin er staðsett. Hundur skal hafa góða stjórn á upptöku bráðar. Það er til að koma í veg fyrir að hundur sýni slæglega upptöku, tyggi bráð, hiki og að hundur yfirgefi bráð. Hávær stjórnun, hróp og öskur geta valdið frádrætti á stigum. Þetta getur verið dæmt sem ný tilraun þrátt fyrir að dómari hafi ekki beðið um það. Þátttakandandum skal í þessum tilvikum vera gert það kunngjört á meðan á dómi stendur.

Vindátt hefur ekki afgerandi áhrif á staðsetningu bráðar á prófsvæði í nokkrum af greinunum. Við veiðar er ekki horft til vindáttar fyrir en hundur er sendur út í sókn til að sækja skotna eða særða bráð. Að undanskildum sérákvæðum fyrir frjálsa leit hjá UF. Sérákvæði fyrir norskt skráða hunda af meginlandshundakynjum: niðurstaða af sóknarprófi í Noregi getur nýst á heiðarprófum í Svíþjóð á sama ári, í öllum flokkum. OF sókn frá Noregi er hægt að nota fyrir byrjun í Elite flokki í Svíþjóð. Þetta gildir aðeins fyrir þá ræktunarklúbba sem hafa gert samning við ræktunarklúbba í Svíþjóð. Hafi tegundin ekki tegundaklúbb, gildir þessi regla ekki.

#### 4.2.3. Einkunnagjöf

Við prófun í sækigreinum eru veittar 1., 2. eða 3. einkunn Sækja. Fyrir hverja sækigreini er gefin skrifleg umsögn og stig eftir skalanum 0 til 10 stig með 10 stig sem besta árangur.

Hundur sem ekki hefur náð minnst 4 í hverri æfingu, skal ekki fá einkunn.

Til að fá 1.einkunn sækja er krafist minnst 8 stiga í hverri grein.

Til að fá 2.einkunn sækja er krafist minnst 6 stiga í hverri grein.

Til að fá 3.einkunn sækja er krafist minnst 4 stiga í hverri sækigreini.

Einkunnir frá sækisprófum einum telja ekki til árangurs fyrir sýningar eða KF á veiðiprófum.

#### Stigatafla

---

1. eink. OF 8
2. eink. OF 6
3. eink. OF 4

---

KF  
Stigatafla

- 
1. KF m/CACIT 10
  1. KF m/CK 10
  2. KF m/Res. CACIT 10
  2. KF m/CK 10

- 
1. KF Úrslit/Undanúrslit 9
  2. KF Úrslit/Undanúrslit 9
  3. KF Úrslit (3. dag ) 9

- 
1. KF 9
  2. KF 8
  3. KF Undanúrslit 8
  4. KF Úrslit/Undanúrslit 8
  5. KF Úrslit (3.dag) 8
  6. KF Úrslit (3.dag) 8
- 

5. KF Úrslit/Undanúrslit (2.dag) 7
  6. KF Úrslit/Undanúrslit (2.dag) 7
  3. KF 7
- 

4. KF 6
  5. KF 6
  6. KF 6
- 

### 4.3. Sækivottorð/Sækivottorðspróf

Sækivottorð er hægt að fá á eftirfarandi máta:

- Samþykkt sókn á prófi fyrir standandi fuglahunda þar sem einkunn eða umsögn staðfestir að hundurinn hafi útfært viðurkennda sókn.
- Ná minnst 7 stigum í frjálsri leit á sækiprófi eða alhliðaprófi í OF/UF
- Hafi staðist sækivottorðspróf eftir gildandi reglum þar um.

#### 4.3.1. Sækivottorðspróf

Má skipuleggja samhliða öðru venjulegu fuglahundaprófi eða sem sérstætt próf. Æfingarnar skulu vera útfærðar samkvæmt gr. 4.2.2. Frjáls leit, þar sem fyrsti sótti fugl gildir til sóknarvottorðs.

## 5. Stórmót – Á ekki við

## 6. Siðareglur

Siðfræði er ekki það sama og reglugerðir. Það eru nokkur lög og reglugerðir sem stjórna skyldum og réttindum dómara í HRFÍ. Siðareglur eiga við um alla dómara og alla viðburði sem skipulagðir eru af félögum tengdum HRFÍ svo og í öðrum tilfellum sem geta tengst stöðu dómarans. Gildandi reglur má finna á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)

## 7. Umsóknarferli fyrir inntöku nýrra dómaraþema

Umsóknarferlið má finna í Reglum um menntun fuglahundadómara á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)

## 8. Veiting og svipting dómaraþttinda

### 8.1. Veiting dómaraþtting og svipting dómaraþttinda

Stjórn HRFÍ tekur endanlega ákvörðun um veitingu dómaraþttinda að fengnum meðmælum dómaraþefndar.

Sjá nánar Reglur um menntun fuglahundadómara á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is).

### 8.2. Viðhald dómaraþttinda

Sjá nánar Reglur um menntun fuglahundadómara á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is).

### 8.3. Endurheimt dómaraþttinda

Sjá nánar Reglur um menntun fuglahundadómara á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)

## 9. Íslenskur veiðimeistari ISFtCh

Til að verða íslenskur veiðimeistari (ISFtCh) þarf hundur að hafa náð einu af eftirfarandi:

1x MS eða 2x vMS í KF

1. Einkunn í OF í Alhliðaprófi

Auk þess þarf hundur:

Að hafa náð 25 stigum samkvæmt stigatöflu hér að neðan.

Að hundur hafi að lágmarki náð Very good á viðurkenndri hundasýningu eftir að hundurinn er orðinn fullra

24 mánaða.

Örmerktur skv. reglum HRFÍ.

Stigatafla til útreikninga á stigum til íslensks veiðimeistara ISFtCh:

MS/vMS: 2 Stig

1. einkunn UF: 2 stig.

1. einkunn UF Alhliðapróf: 4 stig

1.einkunn OF: 3 stig.

1.einkunn OF Alhliðapróf : 5 stig.

1.einkunn OF-S: 1stig

Keppnisflokkur KF: Sæti í KF gefa stig sem eru breytileg eftir fjölda hunda sem taka þátt hverju sinni skv. meðfylgjandi töflu:

Fjöldi hunda	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti	6. Sæti.
10 eða færri	7	6	5	4	3	2
11-20	8	7	6	5	4	3
21-30	9	8	7	6	5	4
fleiri en 31	10	9	8	7	6	5

Erlendur veiðimeistari þarf einu sinni að ná 1. sæti með MS eða vMS í KF á Íslandi til að hljóta titilinn ISFtCh.

## 10. Íslenskur Alhliða veiðimeistari ISCFtCh

Til að verða íslenskur Alhliða veiðimeistari (ISCFtCh) þarf hundur að hafa náð eftirfarandi:

3 X 1. Einkunn í OF eða 3 x sæti í KF

1 x 1. Einkunn í OF sækipróf á sama keppnistímabili og ein af einkunnum/sætum í OF/KF

Heiði er náð.

Að lágmarki Very good á sýningu e. 24 mánaða.

Örmerktur skv. reglum HRFÍ.

Áunnin réttindi til veiðimeistara haldast á þeim hundum sem fæddir eru fyrir 01.03.2021

Skammstafanir:

MS: Íslenskt Veiðimeistarastig

vMS: Vara Íslenskt Veiðimeistarastig

UF: Unghunda flokkur

OF: Opinn flokkur

KF: Keppnis flokkur

OF-S: Opinn flokkur í sækiprófi

## 11. Reglubreytingar

Breytingar á veiðiprófareglum þessum munu vera samhliða þeim breytingum er gerðar verða á fyrirmynd þeirra, veiðiprófareglum NKK (Jaktpróveregler for stående fuglehunder).

Reglurnar eru þó alltaf opnar fyrir minniháttar breytingum ef brýn nauðsyn er á. Stjórnir deilda skulu hafa samráð um slíkar breytingar og óska sameiginlega eftir þeim til stjórnar HRFÍ.

Komi upp ágreiningur um túlkun á reglum þessum gildir frumtexti í veiðiprófareglum NKK. Svo lengi sem ekki gangi gegn lögum og verkferlum HRFÍ og/eða íslenskum landslögum.